

<b>Dags eftirlits</b>	8.12.2021	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Elkem Ísland ehf.	<b>Eftirlitsmaður</b>	Sigríður Kristinsdóttir
<b>Heimili</b>	Grundartanga	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið seinna eftirlit
<b>Kennitala</b>	6406750209	<b>Flokkur</b>	Kísilverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Sigurjón Svavarsson	<b>ÍSAT nr.</b>	24.10.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	365514,62 431317,984

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í seinna reglubundna eftirlit ársins í Elkem Ísland.

Í eftirlitinu komu ekki fram ný frávik og úrbótum vegna fráviks sem kom fram í fyrra eftirliti ársins er lokið.

## UMFANG EFTIRLITS

Dagskrá eftirlitsins verður eftirfarandi:

1. Síðasta eftirlitsskýrsla
2. Úrgangsskráningar og aukaafurðir
3. Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna.
4. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni vettvangsheimsókna
5. Skoðunarferð

### 1. Síðasta eftirlitsskýrsla

Í síðasta eftirliti kom fram frávik varðandi notkun á Hot Sic sem er komið á bannlista. Úrbótaáætlun sem var send Umhverfisstofnun 21. des 2021 og hefur hún gengið eftir. Nýtt efni hefur verið þróað af Elkem og er komið í notkun. Þá var ábendingu komið á framfæri í eftirlitinu vegna reyks í ofnhúsinu. Unnið er að greiningu og hönnun endurbóta m.a. á afsogi við aftöppun.

2. Farið var yfir úrgangsskráningar en árlega er gerð grein fyrir magni og helstu flokkum úrgangs í grænu bókhaldi. Snókur er verktaki sem sér um að tæma ruslakör og flutninga á úrgangi í flæðigryfjur og Terra er þjónustuaðili gámasvæðisins innan lóðar Elkem. Hver farmur sem fer í flæðigryfjur er vigtaður og skráður.

3. Haldið er utan um skráningu efna í Ecoonline gagnagrunninum. Viðeigandi efnaskápar eru vítt og breytt á verksmiðjusvæðinu. Farið var yfir reglubundna rýni á efnalistanum og áhættugreiningu. Einnig var farið yfir merkingar á efnageymslum og skápum. Unnið er að því að koma öryggisblöðum á rafrænt form.

4. Umhverfisstofnun endurskoðaði áhættumat fyrir Elkem í lok árs 2020 og er starfsemin flokkuð í áhættuflokk A sem þýðir eina eða fleiri eftirlitsferðir á ári. Í lok árs verður áhættumatið endurskoðað að nýju m.a. með m.t.t. niðurstaðna úr eftirliti ársins í ár.

5. Í skoðunarferðinni var áhersla lögð á að skoða efnageymslur og aðstæður í ofnhúsi. Almennt var vel var staðið að merkingum og ekki tilefni til athugasemda.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 03.05.2022

  
Halla Einarsdóttir